

Stefna, viðmið og verklag í forföllum starfsmanna

Inngangur

Við sameiningu grunn- leik- og tónskóla/listadeildar er æskilegt að samhæfa og skýra verklag og viðmið í forföllum starfsmanna svo að sem jafnast álag ríki innan deilda stofnunarinnar og starfsfólk skólans í heild hjálpist að, upp að vissu marki við að halda uppi sem eðlilegastri starfsemi. Þar sem deildir eru að vissu leyti sérhæfðar hafa verið útbúnar sértækir verklagsferlar deilda sem miðað er við að farið sé eftir í forföllum starfsmanna.

Viðhorf og viðmið

Æskilegt ríkjandi viðhorf meðal allra starfsmanna er að samhjálp sé af hinu góða. Hver starfsmaður þarf að vera tilbúinn til að takast á við óvænt eða ófyrirséð verkefni með það í huga að skólinn er þjónustustofnun sem þjónustar fyrst og fremst nemendur og foreldra þeirra. Ávallt skal hafa öryggi og hagsmuni nemenda í huga við forgangsröðun og þegar kemur að því að koma með lausnir í forföllum starfsmanna. Almennt er litið svo á að starfsfólk sé ekki fært til í starfi á milli deilda nema í ytrustu neyð og þá í samráði við viðkomandi starfsmenn og þá höfum við í huga að stöðdeild skólans og yfirbygging er sameiginleg fyrir allan skólann. Auk þessa tilheyrir almennt í öllum kjarasamningum og ráðningum starfslýsing þar sem að kemur fram að stjórnandi geti falið starfsmanni ný verkefni.

Vert að nefna að stöðugleiki og vellíðan starfsmanna er forgangsattriði þegar kemur að góðu skólahaldi. Árangur nemenda helst í hendur við samfellu í námi og utanumhaldi um þá. Stjórnendur biðja starfsmenn að íhuga vandlega bónir um leyfi utan hefðbundins

frítíma en þar skal þó hafa í huga að margir og mismunandi kjarasamningar hjá starfsfólki skóla valda því að leyfi hjá einum starfsmanni á skólatíma er óhjákvæmilega tekið á starfstímanum þegar annar starfsmaður myndi vera í launalausum leyfi ef um það væri beðið á starfstíma skóla. Það má einnig nefna að fjarvera eins á starfstíma skóla skapar auka álag á annað starfsfólk og hratt getur sá vítahringur myndast að mikil forföll eins kalla oft því næst á veikindi og/eða streitu hjá öðrum. Allt starfslið skólans skal vera meðvitað um þá hringrás og reyna af öllum mætti að komast hjá að stuðla að myndun slíkra aðstæðna. Ef kennarar í grunnskóladeild eða starfsfólk í stöðdeild biður um leyfi á starfstíma skóla er um launalaust leyfi að ræða.

Verkferlar

Verkferlar eru deildarskiptir og skiptir af mætti eftir eðli starfa og hlutverka.

Stjórnendur

Í fjarveru skólastjóra eru aðstoðarskólastjórar staðgenglar hans á deildum.

Í fjarveru aðstoðarskólastjóra hefur skólastjóri meiri viðveru á viðkomandi deild og ávallt frá morgni. Þá er verkefnum skólastjóra og verkefnum aðstoðarskólastjóra forgangsraðað. Mönnun í forföllum annarra starfsmanna á sama tíma er þá gerð í samráði við annan fyrirfram tilgreindan starfsmann sem hefur góða yfirsýn yfir starfseminu í húsinu.

Þegar aðstoðarskólastjóri er fjarverandi er verkefnum forgangsraðað og skólastjóri hefur meiri viðveru á viðkomandi deild og ávallt frá morgni. Sum verkefni eins og mönnun í forföllum er æskilegt að annar fyrirfram tilgreindur starfsmaður í húsinu aðstoði við og er hann skilgreindur í starfsmannahópi allra deilda.

Mikilvægt er að stjórnendur skólans hittist á vikulegum fundi sínum þrátt fyrir leyfi einhvers úr þeirra röðum. Þegar veikindi eða undirmönnun annarra starfsmanna á deildinni krefst þess getur þó verið að aðstoðarskólastjóri þurfi að vera fjarverandi frá þeim fundum.

Leikskóladeild

Verklagsreglur vegna manneklu í leikskóladeild Seyðisfjarðarskóla

Undirmönnun telst þegar barnafjöldi á hvern starfsmann fer yfir 8 barngildi. Hveru alvarleg undirmönnunin er ræðst m.a. af hversu mikil hún er og hversu langan tíma er unnið á lágmarksfjölda starfsmanna. Fari undirmönnun yfir 8 barngildi eða sé viðvarandi í meira en tvo daga í röð þarf að grípa til aðgerða.

Komi til undirmönnunar vegna óviðráðanlegra aðstæðna s.s. mikil forföll starfsfólks vegna veðurs, veikinda eða af annarri ástæðu, þá reyna stjórnendur allar leiðir til að halda starfsemi leikskólans gangandi með aðgerðum sem listaðar eru í verklagsreglum. Deildarstjórar upplýsi og séu í samskiptum við foreldra.

Ávallt skal skoða hlutfall starfsmanna og þeirra barna sem mætt eru í skólann hverju sinni áður en metið sé hvort einfalda þurfi starfsemi skólans eða dvalatíma barna.

Stjórnendur leikskólans leggja til með hvaða hætti skerðing og einföldun verði.

Við einföldun á starfsemi skal litið til eftirfarandi þátta

- Útivera aukin, ef veður leyfir.
- Frjáls leikur aukinn.
- Frestun mannfrekari starfsemi eins og þemavinnu, heimsóknnum og fl.
- Frestun undirbúnings deildastjóra, undirbúningur er þá færður til innan tiltekinnar viku eða borgaður í yfirvinnu.
- Frestun á stjórnunar og undirbúningsvinnu aðstoðarleikskólastjóra.
- Frestun á stuðningsúræðum hjá sérkennara og stuðningafulltrúa.
- Starfsfólk og afleysingarfólk vinnur án aðgreinandi deildaskiptingar.
- Notkun á myndefni á skjá leyfð, s.s. DVD í neyðartilvikum.
- Elstu börnin í leikskóladeildinni verði með 6 ára nemendum í grunnskóladeild í lengri eða skemmri tíma.

Þurfi að skerða dvalartíma barna skal litið til eftirfarandi þátta:

- Reyna skal að tilkynna foreldrum um skerðingu með eins löngum fyrirvara og kostur er. Þá skal reynt að gefa foreldrum aðvörun ef líkur eru á neyðarástandi, en leikskólinn áskilur sér þann rétt að grípa til fyrirvaralausrar skerðingar vegna óviðráðanlegrar undirmönnunar.
- Reynt að dreifa skerðingunni eins og kostur er. Tryggt sé að börn verði jafnt fyrir skerðingu einu sinni áður en skerðing kemur til framkvæmda öðru sinni.
- Komi til skerðingar skulu systkini vera heima á sama tíma.
- Til að koma í veg fyrir frekari skerðingu á þjónustu leikskóladeildar Seyðisfjarðarskóla, skulu börn starfsmanna ekki send heim.
- Skerðing getur verið fólgin í að börn séu heima, ýmist hluta úr degi, þ.e. sótt fyrir/koma seinna eða eru heima allan daginn.
- Þurfi að grípa til skerðingar á dvalartíma verði dagvistunargjald fyrir þá daga endurgreitt.

Grunnskóladeild

Verklagsreglur vegna manneklu í grunnskóladeild Seyðisfjarðarskóla

Ef kennari veikist eða forfallast af öðrum sökum skal hann láta aðstoðarskólástjóra vita eins fljótt og auðið er símleiðis. Aðstoðarskólástjóri finnur afleysingu meðal samstarfsfólks þess forfallaða ef um stutt veikindi/ forföll er að ræða. Í undantekningar tilvikum er mögulegt að senda nemendur heim sé um síðustu tíma dagsins að ræða. Á það einkum og sérílagi við nemendur á unglíngastigi.

Í stuttum veikindum kennara finnur aðstoðarskólástjóri kennara sem eiga eyður til að sjá um kennslustundir fyrir þann veika. Þegar um lengri veikindi er að ræða, t.d. meira en 3-5 virka daga, er nausynlegt að finna afleysingafólk.

Í stuttum forföllum innan stoðdeildar í grunnskóladeild leysir annað starfsfólk í stoðdeild félaga sína af, en sé um lengri tíma að ræða gildir það sama og um kennara; nauðsynlegt er að kalla til afleysingafólk utan frá.

Komi til mikillar undirmönnunar vegna óviðráðanlegra aðstæðna s.s. mikil forföll starfsfólks vegna veðurs, veikinda eða af annarri ástæðu, þá reyna stjórnendur allar leiðir til að halda starfsemi skólans gangandi með aðgerðum sem listaðar eru eftirfarandi í verklagsreglum:

- Samkennsluhópar stækkaðir ef við á
- Stundaskrá aðlöguð ef við á
- Frjáls leikur aukinn
- Útivera aukin, ef verður leyfir
- Verkefni sem flokkast sem afþreying s.s. spil/myndefni á skjá leyfð
- Starfsfólk og afleysingarfólk vinnur án aðgreinandi bekkjarskiptingar
- Frestun á stuðningsúrræðum
- Frestun undirbúnings stjórnenda
- Frestun mannfrekari starfsemi eins og þemavinnu, heimsóknum og fl.

Þurfi að skerða kennslu nemenda skal litið til eftirfarandi þátta:

- Tilkynna skal foreldrum um skerðingu með eins löngum fyrirvara og kostur er. Þá skal reynt að gefa foreldrum aðvörun ef líkur eru á neyðarástandi, en skólinn áskilur sér þann rétt að grípa til fyrirvaralausrar skerðingar vegna óviðráðanlegrar undirmönnunar.
- Reynt að jafna álag á kennara og starfsfólk með því að hjálpast að.

Listadeild

Þurfi að skerða kennslu nemenda skal litið til eftirfarandi þátta:

- Tilkynna skal foreldrum um skerðingu með eins löngum fyrirvara og kostur er. Þá skal reynt að gefa foreldrum aðvörun ef líkur eru á neyðarástandi, en skólinn áskilur sér þann rétt að grípa til fyrirvaralausrar skerðingar vegna óviðráðanlegrar undirmönnunar.
- Þurfi að grípa til skerðingar til lengri tíma skal gjald í tónlistarskólaa vera endurgreitt.

Verður endurskoðað

Stoðdeild

Forfallist starfsmaður úr stoðdeild gengur annar starfsmaður úr stoðdeild inn í nauðsynlegustu verkefni forfallaða starfsmannsins og þarf þá að koma til forgagnsröðun þess fyrrnefnda. Gildir mönnun stoðdeildar þvert á störf í grunn-leik-og tónskóla.